

STJÓRNARTÍÐINDI A 33 — 1974

Nr. 94.

412

23. desember 1974.

L Ö G

um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1 gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1975 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

- a. Með allt að 140% viðauka stimpilgjald af öðru en afsölum fyrir fasteignum og skipum, leigusamningum um jarðir og lóðir og af kaupmálum.
- b. Með allt að 140% viðauka leyfisbréfastgjöld, önnur en þau, er um ræðir í aukatekjulögum nr. 104/1965.

2. gr.

Álagið skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir í 1. gr., en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 23. desember 1974.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthias Á. Mathiesen.

Nr. 95.

23. desember 1974.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 14 15. mars 1965, um launaskatt.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna (sbr. 17. gr. 1. nr. 10/1974) orðist svo:

Leggja skal á launagreiðendur almennan launaskatt að fjárhæð 3½% af greiddum vinnulaunum og hvers konar atvinnutekjum öðrum en tekjum sjómanna á ís-

lenskum fiskiskipum, þar með töldum tekjum hlutaráðinna landmanna sem aflað er í tengslum við úthald skipanna til fiskveiða og tekjum af landbúnaði, svo sem ákveðið er í lögum þessum.

Skattur þessi skiptist þannig, að 2% renna í Byggingarsjóð ríkisins sem stofnfjárframlag og 1½% rennur í ríkissjóð.

2. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Byggingarsjóður ríkisins greiðir til ríkissjóðs 1% af hluta sjóðsins af innheimtum launaskatti samkvæmt lögum þessum, vegna kostnaðar af framkvæmd laganna.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1975 og gilda til loka þess árs.

Gjört að Bessastöðum, 23. desember 1974.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthias Á. Mathiesen.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 13 13. apríl 1973,
um Hapdrætti Háskóla Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

a-liður 1. gr. orðist svo:

Hlutatalan má ekki fara fram úr 60 000, er skiptist í 12 flokka á ári hverju, og skal dráttur fara fram fyrir einn flokk í mánuði hverjum, dráttur 1. flokks í janúarmánuði og 12. flokks í desembermánuði. Heimilt er að gefa út 4 flokka hlutamiða, sem greinist að með bókstöfunum E, F, G og H, en auk þess er heimilt að gefa út sérstakan flokk, B-flokk, sem hafa skal fimmfalt gildi á við hvern hinna flokkanna, bæði að því er varðar endurnýjunariðgjald og fjárhæð vinninga.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 24. desember 1974.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.